



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

13. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 6. júlí 2021 kl. 17 í Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Steinar Lúðvíksson varamaður Bryndísar Eirar Þorsteinsdóttur. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Bygginganefndin gekk um Búðarstíg 22 ásamt safnstjóra og byggingastjóra. Verkefninu er að mestu lokið með eftirfarandi undantekningum: Eftir er að ganga frá aðalinngangi með steyptri stétt og ganga almennt frá lóð. Örfáum smáum raflagnaverkefnum er ólokið vegna efnisskorts. Annað sem eftir er telst ekki til framkvæmda og verður rætt á fundi stjórnar safnsins. Bygðasafnið er farið að nýta húsið.

2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings 6. júlí 2021 og áætlun um endanlegan kostnað við framkvæmdir. Áætlaður endanlegur kostnaður við verklok annars áfanga er ríflega 162 milljónir króna en frá þeirri upphæð dregst virðisaukaskattur af vinnu iðnaðarmanna á verkstað. Kaupverð Búðarstígs 22 var 83,5 milljónir króna og kostnaður við 1. áfanga var 56 milljónir króna. Búðarstígur 22 er 1703 fm að flatarmáli og verð á fermetra því 177 þúsund króna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17,55.

Árni Eiríksson

Steinar Lúðvíksson
Eggert Valur Guðmundsson

Lýður Pálsson